

Breytingartillaga

við frumvarp til laga um breyting á lögum um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir, nr. 46 13. maí 2005 (EES-reglur, innleiðing).

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Orðin „Fjárfestingarsjóður Evrópu“ í b-lið 1. gr. falli brott.
2. Við 2. gr.
 - a. Á eftir a-lið komi nýr stafliður, svohljóðandi: Á eftir 2. tölul. koma tveir nýir töluliðir, svohljóðandi:
 3. *Lítið fyrirtæki*: Fyrirtæki sem er með færri en 50 starfsmenn og árlega veltu og/ eða efnahagsreikning undir 1,5 milljörðum kr., sbr. leiðbeinandi reglur Eftirlitsstofnunar EFTA um aðstoð við örfyrirtæki, lítil og meðalstór fyrirtæki.
 4. *Neytandi*: Einstaklingur sem á lánaviðskipti enda séu þau ekki gerð í atvinnuskyni af hans hálfu.
 - b. Inngangsmálsliður b-liðar orðast svo: 6. og 7. tölul., sem verða 8. og 9. tölul., orðast svo.
 - c. C-liður orðast svo: Á eftir 8. tölul. kemur nýr töluliður, svohljóðandi: *Skuldakrafa*: Fjárhagsleg krafa sem hefur orðið til á grundvelli samnings þegar lánastofnun veitir fyrirgreiðslu í formi láns. Lán veitt neytanda, örfyrirtæki eða litlu fyrirtæki í skilningi laga þessara falla ekki undir skuldakröfur nema þegar tryggingarhafi eða tryggingarveitandi eru ein þeirra stofnana sem taldar eru upp í 2. tölul. 1. gr.
 - d. Við bætist nýr stafliður, svohljóðandi: Við bætist nýr töluliður, svohljóðandi: *Örfyrirtæki*: Fyrirtæki sem er með færri en 10 starfsmenn og árlega veltu og/eða efnahagsreikning undir 300 millj. kr.